

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur málið hlotið þá meðferð sem lögin mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 6. janúar 2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi Akraness.

AUGLÝSING

um óverulega deiliskipulagsbreytingu í Bláskógabyggð.

Breyting á deiliskipulagi við Einbúa, Laugarvatni, Háholt 2 og 10.

Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 15. júlí 2003 breytingu á deiliskipulagi við Einbúa á Laugarvatni.

Breytingin felst í því að mænistefnu og byggingarreit húsa á lóðum nr. 2 og 10 við Háholt er snúið um 90° og húsið nr. 2 má vera allt að 2 hæðir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 4. nóvember 2003 smávægilega breytingu á fyrri breytingu á byggingarreit hússins að Háholti 10 þar sem lóðarmörkum var hnikað lítillega og sett var inn kvöð um frárennislögn á lóð þar til nauðsynleg viðgerð fer fram.

Grenndarkynning fór fram í báðum tilfellum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.